Háskólasetur
Vestfjarða
University Centre
of the Westfjords

Háskólasetur Vestfjarða

# 2005 – 2010

University Centre of the Westfjords



Háskólasetur Vestfjarða
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Sími: 450 3040
www.uwestfjords.is
info@uwestfjords.is

Ljósmynd á forsíðu: www.photo.is I Umbrot: Pixel ehf / GBG I Prentun: Pixel ehf



# The University Centre at a Glance

The University Centre of the Westfjords is a relatively small institution at a university level. Founded in 2005, the Centre became operational in January 2006 and presently employs 10 permanent staff as well as part-time teachers. Over 50 members of staff work in research and teaching positions in various institutions and companies within the University Centre building.

The University Centre operates a distance-learning service for around 125 students and runs a master's degree course in the Coastal and Marine Management for approximately 40 students. The centre also offers diverse summer courses.

Through the distance learning facility, students residing in the Westfjords can study in the comfort of their homes. The University Centre also provides reading facilities, group work meeting rooms and Internet access. Whilst the number of students has remained stable, development in recent years has seen an increased number of smaller groups, thus creating a stronger student-teacher ratio.

The Master's Program in Coastal and Marine Management was formally inaugurated in September 2008 by the Minister of Education. Students graduate from the University of Akureyri with a Master of Resource Management (MRM) degree. The course is international, cross-disciplinary and taught in 3-week modules. Each module is open to participants from Icelandic and foreign universities and also to those from a working background. In the fall of 2010 around 40 people will be enrolled in the Master's program and 8 of them will graduate in June 2010.

The University Centre offers several summer courses in the Westfjords, including tailor-made courses for national and international field schools. In 2009 this led to organising 4000 overnight stays which in turn contributed to the local community. In 2010 the outlook is similar.

In 2008 and 2009 the University Centre, in association with Reykjavík University, offered a Preparatory Program for university entrance for 40 resident and distance-learning students in the Westfjords. The University Centre also supervised all teaching for distance-learning for the first semester of the Preparatory Program at Reykjavík University. This collaboration continues in 2010.

The University Centre of the Westfjords was not founded as a research institution. It is none the less involved in research projects, but its strengths have up to now mainly been in acting as a coordinator in research projects.

The University Centre of the Westfjords is in partnership with various international cooperative ventures, including the University of the Arctic, and has participated in projects with the Nordic Council and the European Union.

The University Centre of the Westfjords emphasises high standards and follows the Bologna Process for European university requirements, in collaboration with national and foreign universities. However, the University Centre is still in its early years and boasts a flexible outlook. The faculty and staff aim to provide an exceptional service to both students and researchers in and outside the Westfjords.

# Um Háskólasetur Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða er lítil stofnun á háskólastigi. Það var stofnað árið 2005 og tók til starfa í janúar 2006. Við Háskólasetrið sjálft starfa um tíu manns auk lausráðinna kennara. Í húsnæði Háskólaseturs starfa í heild yfir fimmtíu manns við rannsóknir, kennslu og þjónustu hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum.

Háskólasetrið er fjarnámssetur sem þjónustar um hundrað tuttugu og fimm fjarnema, það starfrækir meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun fyrir um fjörtíu meistaranema auk þess að bjóða upp á margs konar sumarnámskeið.

Í gegnum fjarnámið sækja Vestfirðingar menntun án þess að þurfa að flytja úr sinni heimabyggð. Háskólasetrið sér fjarnemum fyrir fjarfundarbúnaði, hópvinnuaðstöðu og lestrarsölum. Fjarnemarnir hafa verið allt að hundrað og fimmtíu á ársgrundvelli. Síðustu ár hefur þróunin verið í átt að fleiri og smærri hópum, en heildarfjöldi haldist stöðugur.

Meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun var sett formlega í september 2008 af menntamálaráðherra. Námsmenn útskrifast frá Háskólanum á Akureyri með Master of Resource Management (MRM) gráðu. Námið er alþjóðlegt, þverfaglegt og kennt í þriggja vikna lotum. Allar loturnar eru opnar þátttakendum frá íslenskum og erlendum háskólum og úr atvinnulífinu. Haustið 2010 verða um fjörtíu nemar skráðir í meistaranámið og brautskrást fyrstu átta nemarnir í júní 2010.

Háskólasetrið skipuleggur fjölda sumarnámskeiða á Vestfjörðum og stendur jafnframt fyrir sérsniðnum námskeiðum fyrir innlenda og erlenda vettvangsskóla. Árið 2009 leiddi starfsemi Háskólaseturs af sér um fjögur þúsund gistinætur á Vestfjörðum og er útlit fyrir svipaðan fjölda árið 2010.

Árin 2008 og 2009 bauð Háskólasetrið, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, upp á frumgreinanám fyrir um fjörtíu stað- og fjarnema á Vestfjörðum. Háskólasetrið hafði jafnframt umsjón með allri kennslu fjarnáms fyrstu annar frumgreinanáms HR og heldur sú samvinna áfram árið 2010.

Háskólasetur Vestfjarða er stærsta stofnunin í Vestrahúsinu á Ísafirði og leiðandi í samstarfi stofnana í rannsóknarklasa Vestfjarða. Alla jafna sinnir Háskólasetrið þó ekki rannsóknum nema í samstarfi við rannsóknarstofnanir innan og utan Vestfjarða.

Háskólasetur Vestfjarða er aðili að alþjóðlegum samstarfsverkefnum, meðal annars á vegum Norðurslóðaháskólans (University of the Arctic) og hefur tekið þátt í verkefnum Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins.

Háskólasetur Vestfjarða leggur áherslu á gæðastarf og fylgir Bologna-kröfum evrópskra háskóla í samvinnu við innlenda og erlenda samstarfsháskóla sína. Jafnframt er Háskólasetrið ung og sveigjanleg stofnun. Starfsmenn leggja sig fram við að þjónusta náms- og rannsóknarmenn á Vestfjörðum sem allra best og veita þeim náms- og rannsóknarmönnum utan Vestfjarða, sem vilja tengjast litlu en heillandi rannsóknarumhverfi, fyrirtaks þjónustu.



Halldór Halldórsson
Chairman of the Board

The University Centre of the Westfjords was established five years ago, though the time has passed so rapidly that one feels as though the inaugural meeting was held only last year.

Our community has always had high standards and been ambitious. The Ísafjörður High School was established forty years ago as there was a need for educational opportunities in the region.

The Westfjords Development Centre was established in 1999 and the University Centre of the Westfjords in 2005. This has been accomplished due to the work and ideals of various individuals who have fought to improve the community.

The belief that education is pragmatic is inherent here since we know how knowledge can create value; the fishing industry is a clear example of this. When jobs in this fundamental industry decrease we need to find new ways to create value and new jobs. In this respect we have seen opportunities in further education and research. We have observed that with the operations of the Westfjords Development Centre and the University Centre, jobs have been on the increase. The constant renewal of knowledge accelerates new production methods which result in greater productivity and therefore economic growth. This is a keystone for all development in the community especially for a region such as the Westfjords where it is essential to increase job opportunities.

The spring of 1998 marks a milestone in distance learning here in the Westfjords, that had up to that point been considerable at the Teacher's College, when the rector of the University in Akureyri and I signed an agreement to start offering nursing education via distance learning in Ísafjörður. An informal agreement had already been made and was confirmed a month later at a special ceremony in Ísafjörður. Today we can see that these seeds were not sown in vain, but indeed this was the beginning of a cooperation that has resulted in many more educational opportunities for people who live in the Westfjords. We were lucky to link up with our partners, the University of Akureyri, who have always shown great interest in the project and still do. Indeed other universities have also worked well with the University Centre.

The Westfjords Economic Development, Ísafjörður Municipality, the Westfjords Regional Association and the Lifelong Learning Centre of the Westfjords submitted a report in April 2003 on constructing a university centre. A committee on behalf of the Minister of Education followed this with a report on a 'knowledge centre', and the board of the Lifelong Learning Centre put forth a proposal to the Minister in the fall of 2004. Finally, a work group on behalf of the Minister put forth a proposal for the University Centre in February 2005.

Many reports have been written about higher education in the Westfjords, letters of intent were signed and all possible ways have been approached to enhance this important part of our educational and economic system. Although the approaches have varied, the theme has always been constant: integration of those components that are a part of knowledge acquisition, dissemination of knowledge and research in the region. The object of this is a venue such as the University Centre of the Westfjords that can offer diverse educational options, that develops on-campus study options and enhances research that draws upon the uniqueness of the region and its specialised knowledge.

The object of the University Centre is to enhance the level of education and knowledge in the Westfjords and therefore improving the region´s competitiveness. To obtain this the University Centre must have a certain degree of freedom but also considerable discipline and restraint. The public's trust in universities and its graduates is a key factor. Experience and knowledge create trust, and we therefore need time to prove ourselves. We want the University Centre to be at the forefront countrywide and that it has all possibilities to develop and expand.

Halldór Halldórsson
*Chairman of the Board*
Ísafjörður, June 2010



Halldór Halldórsson
stjórnarformaður

Háskólasetur Vestfjarða er orðið fimm ára gamalt. Samt finnst manni eins og stofnfundurinn hafi verið haldinn í fyrra, svo hratt flýgur tíminn með okkur innanborðs.

Samfélagið okkar hefur löngum verið metnaðarfullt og gert kröfur. Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður fyrir 40 árum því hér var þörf fyrir aukna menntunarmöguleika í héraði.

Þróunarsetur Vestfjarða var stofnað 1999 og Háskólasetur Vestfjarða 2005. Á bak við þetta allt saman er vinna og hugsjón einstaklinga sem hafa barist fyrir því að þetta samfélag mætti bæta enn frekar.

Trúin á hagnýti menntunar er til staðar því við þekkjum hvernig þekkingin skapar verðmæti, sjávarútvegurinn er skýrasta dæmið. Þegar störfum fækkar í undirstöðuatvinnuveginum þurfum við að leita nýrra leiða til að skapa ný verðmæti og ný störf. Þar höfum við séð tækifæri í aukinni menntun og rannsóknum. Við sjáum að með starfsemi Háskólaseturs og Þróunarseturs fjölgar störfum. Aukin þekking flýtir fyrir upptöku nýrra framleiðsluhátta sem leiðir til þess að framleiðni eykst og þar með hagvöxtur. Þetta er lykilatriði fyrir alla þróun samfélagsins en alveg sérstaklega fyrir svæði eins og Vestfirði sem verður að fjölga sínum atvinnutækifærum.

Vorið 1998 markar tímamót í fjarnámi hér fyrir vestan, sem hafði þá þegar verið töluvert á vegum Kennaraháskólans, en þá sömdu undirritaður og rektor Háskólans á Akureyri um að hefja fjarnám í hjúkrunarfræði á Ísafirði. Óformlegt samkomulag var gert í kynnisferð í Skotlandi en staðfest mánuði síðar á Ísafirði við hátíðlega athöfn. Í dag sjáum við að ekki var sáð í grýtta jörð heldur var stofnað til samstarfs sem gefið hefur af sér enn fleiri námstækifæri fyrir fólk búsett á Vestfjörðum. Við vorum heppin með samstarfsaðila, Háskólann á Akureyri þar sem mikill áhugi hefur verið frá upphafi á verkefninu og er enn. Þá hafa aðrir háskólar starfað vel með Háskólasetrinu.

Samstarfshópur Atvinnuþróunarfélags, Ísafjarðarbæjar, Fjórðungssambands og Fræðslumiðstöðvar skilaði skýrslu til menntamálaráðherra í apríl 2003 um uppbyggingu háskólaseturs. Nefnd á vegum menntamálaráðherra vann síðan skýrslu um þekkingarsetur, stjórn Fræðslumiðstöðvar lagði haustið 2004 fram tillögur til menntamálaráðherra og loks skilaði starfshópur á vegum menntamálaráðherra skýrslu um Háskólasetur í febrúar 2005.

Margar skýrslur er búið að vinna um háskólamál á Vestfjörðum, viljayfirlýsingar hafa verið undirritaðar og allra leiða leitað til að efla þennan mikilvæga þátt í menntun og atvinnulífi okkar. Þó að nálgun kunni að vera ólík er inntakið hið sama: Samþætting þeirra þátta sem tilheyra þekkingaröflun, miðlun þekkingar og rannsókna hér. Markmiðið er vettvangur eins og Háskólasetur Vestfjarða sem getur boðið upp á fjölbreytt nám, þróað staðbundið nám og eflt rannsóknir sem byggja á sérstöðu svæðisins og sérþekkingu.

Markmið Háskólaseturs er að hækka menntunar- og þekkingarstig á Vestfjörðum og um leið auka samkeppnishæfni Vestfjarða. Til þess þarf Háskólasetrið frelsi en um leið mikinn aga og aðhald. Traust almennings á háskólum og þeim sem útskrifast frá þeim er lykilatriði. Reynsla og þekking skapar traust. Þess vegna þurfum við að fá tíma til að sanna okkur. Við viljum að Háskólasetrið verði í fararbroddi á landsvísu og hafi alla möguleika til vaxtar.

Ísafirði í júní 2010

Halldór Halldórsson
*stjórnarformaður*



Peter Weiss
Director

In 2010 The University Centre of the Westfjords looks back on its five years of groundwork. In 2010 the University Centre offers a Master's Program, a Preparatory Program for university entrance, distance learning, and has been responsible for around 4000 overnight stays annually in the Westfjords. In addition to this the University Centre has increased the population of the Westfjords considerably. In its operations the University Centre compares itself to a small scale university rather than a small research centre, of which there are many in Iceland.

Although it may sometimes seem like slow progress in our day to day work, development is clear when we look back on the occasion of the five year anniversary of the University Centre.

In 2005 The University Centre of the Westfjords was established as a service centre for distance learning in the Westfjords, but otherwise its aim was as yet unfulfilled. The cooperation with the Lifelong Learning Centre of the Westfjords was soon clearly established and became very agreeable, and the cohabitation with other institutions in the Westfjords Development Centre in the Vestrahús building was promising.

In 2006 the University Centre had an employment ratio of 3,5 and the first international summer school was held at Hrafnseyri, which pointed towards the direction that the University Centre was taking to not only limit its operations to servicing the inhabitants of the Westfjords but also to attract students and scholars.

In 2007 the Development Report of the Westfjords issued by the government made it possible for the University Centre to hire three additional staff members. After the government put forth a plan to help rural areas, following the cut-backs in cod quotas, the University Centre also took on the role of providing a Preparatory Program for university entrance. This was a big step forward. At this point the Master's Program in Coastal and Marine Management was also being developed.

In 2008 the University Centre took its biggest step forward to date when the Coastal and Marine Management program was launched.

Since many of the other institutions in the Vestrahús Building had enhanced their operations and staff numbers after the Development Report of the Westfjords was issued, the extension of the building was inevitable and The University Centre took on the role of managing the Vestrahús Building. A committee on behalf of the Ministry of Education on enhancing university level operations in the Westfjords was set up in the fall of 2007, but did not submit its plans, including elaborate building drawings, until after the financial meltdown. However, the future development of university operations should start at the other end: everything depends on the students, if they don´t attend, there is no turnover.

The first students from the Preparatory Program at the University Centre graduated in January 2010 from Reykjavík University, and the first students from the Master's Program in Coastal and Marine Management at the University Centre graduated from the University of Akureyri in June 2010. These are huge events in the history of the University Centre and clearly show the progress made over the last few years.

The University Centre has shown that it is possible to offer high quality studies in the Westfjords and simultaneously support the community. Therefore it is important that the operations of the University Centre are sustained and that they can expand despite changes in the higher education system which may occur in the next years in Iceland. The University Centre wants to work according to the goals that have been put forth in the 20/20 Advancement Plan, and by the Westfjords Regional Association, on linking the varied operations that relate to the sea and coastline in the Westfjords under the name 'School of the Sea'.

Peter Weiss
*Director*
Ísafjörður, June 2010



Peter Weiss
forstöðumaður

Árið 2010 lítur Háskólasetur Vestfjarða til baka á fimm ára uppbyggingarstarf. Árið 2010 býður Háskólasetrið upp á meistaranám, frumgreinanám og fjarnám, og stendur fyrir um fjögur þúsund aðkeyptum gistinóttum á ári og hefur hækkað íbúatölu Vestfjarða umtalsvert. Í starfi sínu ber Háskólasetrið sig fremur saman við lítinn háskóla en við rannsóknarsetur sem eru til víða um land.

Þó að okkur finnist hlutirnir gerast hægt í amstri hversdagsins, sjáum við greinilega framþróun þegar horft er um öxl í tilefni fimm ára afmælis Háskólaseturs.

Árið 2005 var Háskólasetrið stofnað sem þjónustumiðstöð fyrir fjarnám á Vestfjörðum, en að öðru leyti var stefna þess óskrifað blað. Samstarfið við Fræðslumiðstöð Vestfjarða skýrðist fljótt og varð með miklum ágætum og sambúðin við stofnanir í Þróunarsetri Vestfjarða lofaði góðu.

Árið 2006 voru starfshlutföll við Háskólasetrið þrjú og hálft og fyrsti sumarháskólinn á Hrafnseyri, sem haldinn var það ár, varð vísir að þeirri viðleitni Háskólasetursins að takmarka sig ekki aðeins við þjónustu við þá sem fyrir voru á Vestfjörðum, heldur laða fleiri að.

Árið 2007 gerði Vestfjarðaskýrslan Háskólasetrinu kleift að ráða til sín þrjá starfsmenn til viðbótar. Í kjölfar mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar kom auk þess í hlut Háskólaseturs að bjóða upp á frumgreinanám, sem var þá stórt skref fram á við. Á sama tíma var meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í startholunum.

Árið 2008 steig Háskólasetrið sitt stærsta skref fram á við með setningu staðbundins meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun.

Þar sem fleiri stofnanir í Vestrahúsinu höfðu aukið umsvif sín og starfsmannafjölda í kjölfar Vestfjarðarskýrslunnar var nauðsynlegt að stækka húsnæðið undir starfsemina og tók Háskólasetrið að sér húsnæðisrekstur í Vestrahúsinu. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum var sett haustið 2007 en kynnti niðurstöður sínar með teikningum af nýjum, glæsilegum byggingum ekki fyrr en nokkru eftir hrun fjármálakerfisins. Framtíðaruppbygging háskólastarfsemi hlýtur þó að byrja á hinum endanum: Það veltur allt á námsmönnum, ef þeir koma kemur veltan af sjálfu sér.

Útskrift fyrstu frumgreinanema Háskólaseturs Vestfjarða frá Háskólanum í Reykjavík í janúar 2010 og útskrift fyrstu meistaranema Háskólaseturs frá Háskólanum á Akureyri í júní 2010 eru stór tíðindi og sýna afrakstur mikillar uppbyggingarvinnu.

Háskólasetrið hefur sýnt að hægt er að halda úti hágæða námi á Vestfjörðum og styðja um leið við samfélagið þar. Því er mikilvægt að starfsemi Háskólasetursins verði viðhaldið og að hún vaxi þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að verða á íslensku háskólasamfélagi á næstu árum. Háskólasetrið vill vinna að þeim markmiðum sem fram hafa komið í Sóknaráætlun 20/20 og hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um að tengja saman þá margvíslegu starfsemi sem tengist hafinu og ströndinni á Vestfjörðum undir heitinu Háskóli hafsins.

Ísafirði í júní 2010
Peter Weiss
*forstöðumaður*


Photo: www.gusti.is

# Raison d'etre

Discussions on establishing a university in the Westfjords surfaced periodically over the last few years. But why did people in the Westfjords want a university?

For centuries people in the Westfjords comprised around 10% of the Icelandic population, but this figure fell to 2.4% in 2005. The Westfjords not only lost relatively in terms of its population, but in real numbers we see that in 1981 the population was around 10.500 and this had fallen to 7.500 in 2005. Furthermore, in the past the number of children has been higher in rural areas than in the Reykjavík area. In the new millennium this is now the reverse and the average age in the Westfjords is now higher than the national average. The economy has been homogeneous and the level of education much lower than the national average. It has been difficult to convince people to move to the Westfjords, and the region has perhaps been best known for fishing and processing, and poor transport connections. All these factors are a red flag for a small community.

Since university operations leads to stimulation in the economy, more job opportunities and more young people in its sphere of influence, there was a demand that the Westfjords should be included in the nation's university operations. A higher educational institution would improve the image and quality of life in the region.

Appraisals and reports that explored the feasibility of establishing a university in the Westfjords assumed the catchment area would be that of the Westfjords, but due to poor transportation, only the northern part of the Westfjords. Since this area is only populated by around 5000 people and therefore not able to sustain a university, the focus was set on distance learning and how it would be possible to make it more campus-based. The development of the University Centre in the past five years has shown that it is possible to attract students to the Westfjords, although this has not been a particularly easy task.

On March 12 2005 the nonprofit organization The University Centre of the Westfjords was established with 42 founding members, including all the universities in Iceland. Since then the University Centre has been a contact between residents in the Westfjords and university education, a contact between research institutes in the Westfjords, and a contact for many in Iceland and around the world who want to connect with the Westfjords for research and/or educational reasons.

# Forsaga

Umræða um stofnun háskóla á Vestfjörðum hefur skotið upp kollinum með reglulegu millibili á síðustu árum. En af hverju vildu Vestfirðingar háskóla?

Öldum saman voru Vestfirðingar um eða yfir 10% Íslendinga, en höfðu fallið niður í 2.4% árið 2005. Vestfirðingar töpuðu þó ekki bara hlutfallslega hvað íbúaþróun varðar því þegar rauntölur eru skoðaðar sést að árið 1981 voru Vestfirðingar um tíu þúsund og fimmhundruð, en voru komnir niður í um sjö þúsund og fimmhundruð árið 2005. Ekki nóg með það, heldur hefur fjöldi barna lengst af verið meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en þessi þróun hefur snúist við á nýrri þúsöld og er meðalaldur á Vestfjörðum nú hærri en að landsmeðaltali. Atvinnulífið hefur verið einsleitt og menntunarstig langt undir landsmeðaltali. Erfitt hefur reynst að fá fólk til að flytja vestur og landshlutinn hefur ef til vill verið þekktastur fyrir veiðar, vinnslu og slæmar samgöngur. Þetta eru allt alvarleg hættumerki fyrir lítið samfélag.

Í ljósi þess að háskólastarfsemi hefur í för með sér örvandi áhrif á atvinnulíf, aukin atvinnutækifæri og fjölgun ungs fólks á áhrifasvæðinu, var uppi krafa um að Vestfirðingar fengju sinn skerf af háskólastarfsemi landsmanna. Stofnun sem myndi bæði bæta ímynd og lífsgæði í landshlutanum.

Úttektir og skýrslur sem könnuðu möguleika og hagkvæmni háskóla á Vestfjörðum gerðu ráð fyrir að upptökusvæði stofnunarinnar yrði Vestfirðir en vegna samgönguleysis á svæðinu var í raun eingöngu um norðanverða Vestfirði að ræða. Þar sem þetta svæði, með aðeins um fimm þúsund íbúa, ber ekki háskóla var einblínt á fjarnám og hvernig hægt væri að gera fjarnámið staðbundnara. Þróun Háskólaseturs síðustu fimm ár hefur sýnt að það er hægt að laða nemendur að námi á Vestfjörðum þótt vissulega sé það ekki auðvelt.

Þann 12. mars 2005 var sjálfseignarstofnunin Háskólasetur Vestfjarða sett á fót með fjörtíu og tveimur stofnaðilum, meðal þeirra eru allir háskólar landsins. Síðan þá hefur Háskólasetur Vestfjarða verið tengiliður Vestfirðinga í námi á háskólastigi, tengiliður rannsóknarstofnana innan Vestfjarða og tengiliður margra á Íslandi og úti í heimi sem vilja tengjast Vestfjörðum í námi eða rannsóknum.




Stjórn og starfsmenn á stefnumótunarfundi þann 12. mars 2010. Í stjórn Háskólaseturs sitja Halldór Halldórsson, formaður stjórnar, Kristján G. Jóakimsson, Hraðfrystihúsinu Gunnvöru, Jóna Finnsdóttir, Listaháskóla Íslands, Jóhann Sigurjónsson, Hafrannsóknarstofnun og Skúli Skúlason, Háskólanum á Hólum. Áður hafa setið í stjórn Soffía Vagnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað, Þorsteinn Gunnarsson, Háskólanum á Akureyri og Hjálmar H. Ragnarsson, Listaháskóla Íslands.

*Board and staff on March 12 2010.*

# Stofnaðilar Háskólaseturs árið 2005

Háskóli Íslands
Kennaraháskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Háskólinn á Akureyri
Viðskiptaháskólinn á Bifröst
Landbúnaðarháskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Tækniháskóli Íslands
Listaháskóli Íslands
Hafrannsóknastofnun
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
Veðurstofa Íslands
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ísafjarðarbær
Bolungarvíkurkaupstaður

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Náttúrustofa Vestfjarða
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Snerpa ehf.
Vestfirðir á miðöldum
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Vestri ehf.
Fjarðanet ehf
Miðfell ehf.
Ísfang hf.
Vesturbyggð
FSÍ/HSÍ
Félagsmálaráðuneyti f.h. Fjölmenningarseturs
Atkonur
Vífilfell hf.

Tónlistarskóli Ísafjarðar
Skógur
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Rætur
Sparisjóður Vestfirðinga
Skjólskógar á Vestfjörðum
Skurðlæknirinn ehf.
Þóroddur ehf.
Ylgur ehf
Agar ehf
Hrafnseyrarnefnd/Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

# Starfsmenn í gegnum tíðina

| | | |
|---|---|---|
| **Peter Weiss** | **01.08.05 -** | **Forstöðumaður** |
| Haraldur Kristinsson | 01.10.05- 30.09.07 | Vef-/tæknistjóri |
| **Martha Lilja M. Olsen** | **01.01.06 -** | **Kennslustjóri** |
| Gunnar Pétur Garðarsson | 01.01.06 - 21.03.06 | Þjónustufulltrúi |
| Anna Guðrún Edvardsdóttir | 12.01.06 - 12.05.06 | Verkefnastjóri |
| Soffía Vagnsdóttir | 01.05.06 - 30.06.06 | Verkefnastjóri |
| Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir | 01.12.06 - 31.12.07 | Verkefnastjóri |
| Sigurður Arnfjörð Helgason | 01.09.07 - 30.11.09 | Verkefnastjóri |
| **Ingi Björn Guðnason** | **01.10.07 -** | **Verkefnastjóri** |
| Sigríður G Ólafsdóttir | 01.01.08 - 31.12.09 | Fagstjóri |
| Guðrún S. Guðmundsdóttir | 01.04.08 - 31.12.08 | Verkefnastjóri |
| **Pernilla Rein** | **01.05.08 -** | **Verkefnastjóri** |
| Lára Dögg Gústafsdóttir | 01.06.08 - 31.08.08 | Sumarstarfsm. |
| Jóhanna Sigurðardóttir | 01.08.08 - 31.08.09 | Móttökuritari |
| **Guðrún S. Matthíasdóttir (2001)** | **01.11.08 -** | **Móttökuritari** |
| **Margrét J. Birkisdóttir (2001)** | **01.11.08 -** | **Bókari** |
| Andrea R. C. Kasper | 01.01.09 - 31.12.09 | Verkefnastjóri |
| **Urszula Barela** | **01.07.09 -** | **Ræstitæknir** |
| **Árný Rós Gísladóttir** | **24.09.09 -** | **Móttökuritari** |
| **Dagný Arnarsdóttir** | **01.01.10 -** | **Fagstjóri** |
| **Albertína Friðbjörg Elíasdóttir** | **01.01.10 -** | **Verkefnastjóri** |
| **Heiðrún Tryggvadóttir** | **01.01.10 -** | **Verkefnastjóri** |

# Opening the World of Learning to Westfjords Residents

## Distance Learning

When the University Centre of the Westfjords was formed, the distance learning service was the only thing in its operations that was an established service. The University Centre took over this role from the Lifelong Learning Centre in Ísafjörður which had already developed an excellent service. Distance learning programs are on offer from all the universities in Iceland except one, but the programs offered via distance learning varies from school to school as do the teaching methods. Some are offered via the Internet, through recordings of lectures and Powerpoint slides. Other schools emphasize the use of teleconferencing equipment, so students need to attend classes at a certain time and place. Most of the schools have some obligatory attendance in their distance learning programs; these can vary from one weekend or up to a few days several times per semester.

The University Centre's set-up for distance learning varies depending on the methods used by the different schools. Those that only use the Internet do not need assistance except during exam time. Schools that use teleconferencing equipment need further services from the University Centre, such as equipment, classrooms and exam supervision. All distance learning students have the same access to other services that the University Centre provides, for example reading facilities, group work meeting rooms, Internet access, and printing and photocopying.

The number of distance learning students in the Westfjords has been fairly steady at around 120-150 students per year. Initially it was assumed that the main growth potentials of the University Centre would arise from distance learning, but it has to be taken into account that this is limited to the number of inhabitants in the Westfjords. With up to 150 students attending distance learning programs in the Westfjords, around 2% of the population at a time is obtaining a university education without having to relocate.

The majority of distance learning students in the Westfjords are women, most of whom have families. As most students attend their studies while working, it is clear that it would be a great blow to the community if these students and their families would need to relocate for their studies. It is also likely that a vast majority of these students would not have been able to obtain university education if it was not for the distance learning facility. The community therefore benefits when these students graduate and enter the job market as better qualified workers, which is important during times of work-force shortages, and in times of recession and unemployment.

The distance learning services are a big part of the University Centre's operations, especially during the exam period. In December 2009 the University Centre held around 100 exams for over 90 students. Not only distance learning students take their exams at the University Centre, students from the Westfjords that are studying at universities in Reyjavík or Akureyri use the opportunity to come home early during Christmas or summer holidays and take their exams at the University Centre.

The University Centre has the aim to provide distance learning students with the best services possible by offering excellent facilities. It has also tried to accommodate groups of students that have periodically emerged to demand a particular program via distance learning, but unfortunately there has not been a great increase in programs offered in the last few years. The University Centre views the support of the distance learning service as one of its most important roles when it comes to supporting and reinforcing university level education opportunities in the area.



Photo: www.gusti.is

# Vestfirðingum opnuð greið leið í nám

## Fjarnám

Við stofnun Háskólaseturs Vestfjarða var umsjón með fjarnámi við háskóla á Íslandi það eina sem fast var í hendi. Háskólasetrið tók við því verkefni af Fræðslumiðstöð Vestfjarða, sem hafði lagt grunn að góðu starfi. Boðið er upp á fjarnám við alla háskóla landsins nema einn en námsframboð í fjarnámi er mjög misjafnt eftir skólum og einnig eru aðferðirnar sem notaðar eru við fjarkennslu mismunandi. Sumir háskólar eru eingöngu með sitt fjarnám í gegnum Internetið, með upptökum úr kennslustundum eða hljóðglærum. Aðrir skólar leggja mikið upp úr því að nota fjarfundarbúnað þar sem nemendur þurfa að mæta á ákveðnum stað og ákveðnum tíma og sækja kennslustundir. Flestir hafa skólarnir einhverja mætingarskyldu í fjarnámi þar sem nemendur þurfa að mæta í sinn skóla, allt frá einni helgi á önn og upp í nokkra daga í nokkur skipti yfir önnina.

Umsjón Háskólaseturs með fjarnámi við háskólana er mismikil, eftir því hvaða aðferðir eru notaðar við fjarkennsluna. Þeir skólar sem styðjast eingöngu við Internetið þurfa lítið á aðstoð Háskólaseturs að halda, nema til að halda próf. Þeir skólar sem styðjast mikið við fjarfundarbúnað þurfa töluvert að reiða sig á þjónustu Háskólaseturs varðandi þann búnað, kennslustofur og svo að sjálfsögðu umsjón með prófum nemenda. Allir fjarnemar hafa þó sama aðgang að annarri þjónustu og aðstöðu sem Háskólasetrið býður upp á, svo sem lestraraðstöðu, hópvinnuherbergjum, internetaðgangi og prent- og ljósritunaraðgangi.

Fjöldi fjarnema á Vestfjörðum hefur haldist nokkuð stöðugur ár frá ári eða um hundrað og tuttugu til hundrað og fimmtíu nemendur á ársgrundvelli. Í upphafi var gert ráð fyrir að vaxtarmöguleikar Háskólaseturs væru að mestu fólgnir í vexti fjarnáms, en taka verður tillit til að fjöldi nemenda takmarkast af mannfjölda á Vestfjörðum. Með um hundrað tuttugu og fimm fjarnema að meðaltali á ári má segja að um 2% íbúa á Vestfjörðum stundi fjarnám á hverjum tíma og mennti sig þannig án þess að þurfa að flytja burt.

Yfirgnæfandi meirihluti fjarnema á Vestfjörðum eru konur, flestar með fjölskyldu. Flestir fjarnemar stunda nám sitt með vinnu og er ljóst að það væri stór biti fyrir vestfirskt samfélag ef allt þetta fólk og fjölskyldur þeirra þyrftu að flytja í burtu til að stunda nám sitt og líklegt má telja að stór hluti þess hefði ekki farið í nám nema af því að það bauðst í fjarnámi. Samfélagið nýtur svo einnig góðs af því þegar þessir nemendur ljúka námi og skila sér sem betur menntaðri og vonandi hæfari starfsmenn út á vinnumarkaðinn, sem er mikilvægt á tímum manneklu og ekki síður á tímum samdráttar og atvinnuleysis.

Fjarnámi fylgja mikil umsvif, sérstaklega á prófatímabilum, en í desember 2009 voru haldin um það bil hundrað próf í Háskólasetrinu fyrir rúmlega níutíu manns. Það eru ekki eingöngu fjarnemar sem taka próf við Háskólasetrið heldur einnig nemendur sem stunda nám við háskólana fyrir sunnan eða norðan. Þeir nýta sér tækifærið og koma snemma heim í jóla- eða sumarfrí og taka þá prófin í heimabyggð.

Háskólasetur Vestfjarða hefur þá stefnu að veita fjarnemum eins góða þjónustu og best gerist með aðstöðu sinni, en einnig hefur Háskólasetrið reynt að styðja við hópa sem hafa stundum myndast til að þrýsta á háskólana um að bjóða upp á ákveðið fjarnám. Því miður hefur aukning námsframboðs í fjarnámi við háskóla á Íslandi verið mjög lítil undanfarin ár. Háskólasetrið lítur svo á að þjónusta og stuðningur við fjarnám sé eitt af mikilvægustu hlutverkum þess þegar kemur að því að styðja við og styrkja háskólanám í heimabyggð.

## Fjarnemar á Vestfjörðum

## Westfjords Distance Learning Students




Photo: www.gusti.is

## Kennarar í frumgreinanámi:

**Albertína Friðbjörg Elíasdóttir**
frá 2008 – enska – 2008-2009 tölvufræði

**Anna Guðrún Edvardsdóttir**
frá 2008 – danska

**Dóra Hlín Gísladóttir**
haustönn 2008 stærðfræði

**Hallgrímur Hróðmarsson**
frá haustönn 2008 – stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði

**Gunnar Pétur Garðarsson**
janúar 2008 – des 2008 – stærðfræði

**Jón Gunnar Schram**
vorönn 2009 stærðfræði og efnafræði

**Margrét Högnadóttir**
frá vorönn 2008 – bókfærsla

**Martha Lilja Marthensdóttir Olsen**
haustönn 2009 – hugmyndasaga

**Ólafur Jens Sigurðsson**
frá haustönn 2009 – stærðfræði og eðlisfræði

**Sólrún Geirsdóttir**
frá 2008 – íslenska – vorönn 2010 tölvufræði

**Tumi Jóhannsson**
haustönn 2009 – tölvutækni

# Preparatory Program for University Entrance

Already in 2005 discussions had begun on offering a Preparatory Program for University Entrance at the University Centre of the Westfjords in cooperation with Bifröst University. The number of applications was low at that time so plans were put on hold. In 2007 the University Centre reviewed the idea and decided to offer a Preparatory Program in the fall of 2008. That same year the government put forth a plan to fund a preparatory program in the Westfjords for two years to help rural areas after the cut-backs in cod quotas. The funds were to be divided between the University Centre and Keilir Atlantic Centre of Excellence in Reykjanesbær. The University Centre received around 18% of the funding according to the number of students enrolled.



To facilitate university entrance approval for students, the University Centre made an agreement with Reykjavík University (RU) to teach the RU preparatory program at the University Centre. This was especially important since RU has the most extensive experience in teaching such a program in Iceland. The University Centre wanted to give all Westfjords residents - not just those in the northernmost area - the opportunity to enroll in the program, and therefore it was decided to offer a distance learning option as well. This was the beginning of a fruitful relationship with RU since they decided to purchase all distance learning teaching for the first semester from the University Centre. It was the first time that a small institution in a rural area provided a full semester's teaching to Reykjavik.

Enrollment in the Preparatory Program for the first semester was good, and in January 2008 a large number of students made an impression on daily life in the University Centre. This was perhaps most evident by the increased number of bicycles and cars parked outside the University Centre. Because of the Preparatory Program, the University Centre made an agreement with Stúdía ehf to provide the University Centre with the teaching supervision system MySchool. This system has since then been used for the CMM Master's Program and for summer schools. The Preparatory Program has therefore in many ways been a great boon for the University Centre. The number of enrollments decreased in the second year despite being advertised considerably in the area. It appears that the University Centre has managed to satisfy the need for such a program in the Westfjords for now. This is noteworthy since a committee on behalf of the Ministry of Education on the so-called Innovation University of the Westfjords, put forth the idea that such a program would be the basis for that institution. It was expected that the number of students might be around 120 in the first year of that institution.

Although the Preparatory Program at the University Centre was limited to 2008 and 2009, the cooperation with RU is ongoing, since the University Centre still provides teaching for distance learning for the first semester, which is taught in Reykjavík and indeed in other parts of the country in 2010.




Fyrstu frumgreinanemarnir við Háskólasetur Vestfjarða útskrifuðust frá Háskólanum í Reykjavík í janúar 2010 og var þeim gert hátt undir höfði á athöfninni. Efri röð frá vinstri: Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður frumgreinasviðs HR, Finnbogi Bjarnason útskriftarnemi, Sigurbjörg Benediktsdóttir útskriftarnemi, Guðmundur Óskar Reynisson útskriftarnemi, Guðrún Högnadóttir framkvæmdastjóri Opna Háskólans í HR. Neðri röð: Martha Lilja M. Olsen, kennslustjóri Háskólaseturs, Svafa Grönfeldt rektor HR og Peter Weiss forstöðumaður Háskólaseturs.

*The first students graduated from the Preparatory Program at the University Centre in January 2010 from Reykjavík University. Upper row from the left: Málfríður Þórarinsdóttir, RU Preparatory Program director, Finnbogi Bjarnason, graduate, Sigurbjörg Benediktsdóttir, graduate, Guðmundur Óskar Reynisson, graduate, Guðrún Högnadóttir, executive director RU Open University. Lower row from the left: Martha Lilja M. Olsen, Director of Education and Teaching at the University Centre, Svafa Grönfeldt, rector of RU and Peter Weiss, University Centre director.*

# Frumgreinanám

Strax árið 2005 voru uppi hugmyndir um að bjóða upp á frumgreinanám við Háskólasetur Vestfjarða í samstarfi við Háskólann á Bifröst. Skráning stóð þó ekki undir væntingum og af þeim sökum varð ekkert af þessari tilraun í bili. Árið 2007 fóru starfsmenn Háskólaseturs að velta fyrir sér þeim möguleika að gera aðra tilraun til að bjóða upp á frumgreinanám haustið 2008. Sama ár setti ríkisstjórnin fram tillögur um að veita fjármagni til tveggja ára í frumgreinanám á Vestfjörðum í tengslum við mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar þorskveiðiheimilda. Upphæðin skiptist á milli Háskólasetursins og Keilis í Reykjanesbæ og komu rétt innan við 18% í hlut Háskólasetursins miðað við nemendafjölda.

Til að auðvelda námsmönnum viðurkenningu námsins samdi Háskólasetrið við Háskólann í Reykjavík um að kenna frumgreinanám hans, en HR hefur í gegnum Tækniskólann lengsta reynslu af því að bjóða upp á frumgreinanám á Íslandi. Háskólasetrið vildi gefa íbúum allsstaðar á Vestfjörðum tækifæri til að taka frumgreinanámið og því var ákveðið að bjóða upp á það í fjarnámi. Það leiddi aftur til farsæls samstarfs við HR sem keypti fjarkennslu fyrstu annar af Háskólasetrinu og var það í fyrsta skipti sem lítið setur úti á landi kenndi heila önn suður til Reykjavíkur.

Innritun í frumgreinanámið fyrstu önnina var með ágætum og frá janúar 2008 flykktust nemendur daglega í Háskólasetrið og settu mikinn svip á daglegt líf þess. Þetta sást ef til vill best á því að reiðhjólum og bílum fjölgaði mikið fyrir utan Háskólasetrið sem var augljóst tákn um nemendafjöldann. Vegna tilkomu frumgreinanámsins samdi Háskólasetrið við Stúdíu ehf um kaup á MySchool kennsluumsjónarkerfinu. Þetta kerfi hefur síðan komið að góðum notum fyrir meistaranám og sumarnámskeið. Frumgreinanámið var því á margvíslegan hátt mikil lyftistöng fyrir Háskólasetrið. Fjöldi nýinnritaðra nema gekk mjög til baka strax á öðru ári, þrátt fyrir miklar auglýsingar. Það virðist því sem svo að Háskólasetrið hafi mettað þörfina fyrir slíkt nám á Vestfjörðum í bili. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að Nefnd um eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum, lagði til í skýrslu sinni að nám við svokallaðan Nýsköpunarháskóla Vestfjarða byggði til að byrja með eingöngu á frumgreinanámi og að búast mætti við um hundrað og tuttugu nemum strax fyrsta árið.

Þótt frumgreinanámið við Háskólasetur Vestfjarða hafi verið takmarkað til tveggja ára, 2008 og 2009, heldur samstarfið við HR um fjarkennslu fyrstu annarinnar suður til Reykjavíkur og um allt land áfram árið 2010.




# Academic Forums

An important role of institutions at a university level is creating a venue for academic forums. The University Centre of the Westfjords has in the last five years provided a number of open lectures and seminars. In March 2006 the Lunch Lecture Series was set up and is offered on Fridays during the fall and spring semesters. These popular lectures have without a doubt become a regular feature of life in Ísafjörður.

Many university teachers and researchers visiting Ísafjorður have taken advantage of the Lunch Lecture series and offered students as well as local residents an insight into their particular field of research. Many Westfjords residents have also used the series for this opportunity, and students feel it is an ideal venue for introducing their final projects.

From time to time the University Centre has offered short courses and seminars on different topics, often in relation to the CMM Master's Program or other programs it offers. On these occasions the courses and seminars have been open to external participants, so they reach as wide an audience as possible. The response has often come as a pleasant surprise, for example when the University Centre planned a course for its preparatory program teachers on Exams and Assessment - taught by Professor Meyvant Þórólfsson from the University of Iceland - all teachers at the high school in Ísafjörður enrolled on the course, plus a few teachers from local elementary schools. One-off courses like this are not a big part of the University Centre´s operations, since it is relatively easy to fulfil the demand for such courses in a small community. Furthermore, the Life Long Learning Centre in Ísafjörður has done an excellent job in providing such courses, for example in cooperation with the Continuing Education Centre of the University of Iceland.

In the spring of 2010 the University Centre held a course on Introducing Sustainability into Education for elementary school teachers in the Westfjords. This course was the initiative of CMM students, and the University Centre followed up by appointing a project coordinator.



# Vísindaleg umræða og styttri námskeið

Mikilvægt atriði í starfsemi stofnunar á háskólastigi er að skapa vettvang fyrir umræðu. Háskólasetur Vestfjarða hefur á undanförnum fimm árum staðið fyrir fjölmörgum opnum fyrirlestrum og málstofum. Þar af hefur Vísindaport Háskólaseturs, sem fram fer í hádeginu alla föstudaga á haust- og vorönn, verið hvað mest áberandi. Segja má að Vísindaportið, sem hóf göngu sína í mars 2006, sé orðinn fastur liður í bæjarlífinu á Ísafirði.

Ýmsir háskólakennarar og rannsóknarmenn sem komið hafa vestur í öðrum erindum hafa gjarnan í leiðinni verið fengnir til að halda erindi um rannsóknir sínar í Vísindaporti. Háskólasetrið hefur því reynt að nýta sem best það fólk sem hefur átt leið um Ísafjörð en einnig stuðst í miklum mæli við Vestfirðinga til að halda erindi í Vísindaporti, enda er margt frótt fólk í túnfæti Háskólaseturs. Vísindaportið hefur einnig reynst góður vettvangur fyrir námsmenn til að kynna lokaverkefni sín í háskólanámi.

Af og til hefur Háskólasetrið staðið fyrir stuttum námskeiðum og málstofum um ýmis efni, gjarnan í tengslum við meistaranámið eða af öðru tilefni svo sem vegna innra starfs þess. Í þessum tilvikum hafa námskeiðin og málstofurnar verið opnaðar fyrir áhugasömum þátttakendum til þess að nýting þeirrar þekkingar sem flutt er inn á svæðið verði sem best. Viðbrögðin hafa stundum komið ánægjulega á óvart. Þetta gerðist til dæmis þegar efnt var til námskeiðs fyrir kennara í frumgreinanámi um prófagerð og námsmat með Meyvant Þórólfssyni prófessor við Háskóla Íslands, en námskeiðið sóttu nær allir kennarar Menntaskólans á Ísafirði auk grunnskólakennara á svæðinu. Stök námskeið á borð við þetta hafa þó ekki verið stór þáttur í starfsemi Háskólasetursins, enda fljótgert að uppfylla þarfir fyrir slíkt í litlu samfélagi. Önnur ástæða er sú að Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sinnt þessu hlutverki vel, meðal annars í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Vorið 2010 hélt Háskólasetrið námskeið um leiðir til sjálfbærrar þróunar fyrir kennara í grunnskólum á Vestfjörðum. Þetta námskeið var sprottið af frumkvæði meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun en Háskólasetrið fylgdi hugmyndum þeirra eftir með því að setja verkefnastjóra yfir verkefnið sem leiddi hóp nemenda á meðan á undirbúningstímanum stóð. Þetta dæmi sýnir glögglega að skóli er ekki hús heldur fyrst og fremst fólkið sem þar starfar og þá ekki aðeins starfsfólkið heldur ekki síður nemendurnir.

# Strengthening Cooperation in the Westfjords

# Kjölfesta í rannsóknar- og þróunarklasa á Vestfjörðum

## The Cooperation with the Life Long Learning Centre

In the beginning of its operations the University Centre of the Westfjords set the goal to be an addition to the research and university level activities in the Westfjords, thus not competing with the existing institutions and activities. In the case of the Life Long Learning Centre, its distance learning services were moved to the University Centre by the Ministry of Education.

In the summer of 2005 it was decided that the Life Long Learning Centre should still be an independent institution, but would none the less work in close cooperation with the newly established University Centre. A three year agreement was made between the two institutions. The Lifelong Learning Centre discontinued the university distance learning service and focused on lifelong learning on other educational levels. The University Centre on the other hand focused on courses at university level and has interpreted this role quite strictly so that all courses that are offered should be accredited by a university. These strict conditions have forced both institutions to find their own niche, which has made them both robust in the fields they operate in.

During a reorganization of the Vestrahús building in 2008, the Lifelong Learning Centre moved to the ground floor of the building in its own facility with a private entrance. Both institutions can be accessed from within the building, making it easier to use each other's facilities when needed.

## Samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða setti sér snemma það markmið að vera hrein viðbót við rannsóknar- og háskólastarfsemi á Vestfjörðum og taka ekki verkefni frá stofnunum sem fyrir voru á svæðinu, nema hvað varðar umsjón með fjarnámi sem menntamálaráðuneytið flutti frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða til Háskólaseturs.

Sumarið 2005 var ákveðið að Fræðslumiðstöð Vestfjarða skyldi áfram vera óháð stofnun, sem þó myndi starfa náið með hinu nýstofnaða Háskólasetri og gerðu stjórnir stofnananna um það samstarfssamning til þriggja ára. Fræðslumiðstöðin lét þá af umsjón með fjarnámi á háskólastigi og takmarkaði sig við símenntun utan háskólastigsins. Háskólasetrið takmarkaði sig aftur á móti við námskeið á háskólastigi og hefur túlkað það nokkuð þröngt síðastliðin ár þannig að öll námskeið á vegum Háskólaseturs skuli fyrir fram samþykkt sem einingarbær af háskóla. Segja má að þetta fyrirkomulag hafi sett báðum stofnununum ströng skilyrði og þvingað þær til að róa hvor á sín mið. Þetta hefur gefist vel og hefur gert stofnanirnar öflugri á því sviði sem þær sinna.

Við endurskipulagningu í Vestrahúsinu árið 2008 flutti Fræðslumiðstöð Vestfjarða á fyrstu hæð hússins í eigið húsnæði með sérinngangi, en innangengt er í húsinu sem auðveldar stofnununum samnýtingu á kennsluhúsnæði, búnaði og öðru þegar þörf er á.




## Rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum

Hafrannsóknarstofnun Íslands
Matís ohf
Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands
Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands
Þjóðfræðistofa

## Nærumhverfi Háskólaseturs

Teiknistofan Eik
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Eyrin viðskiptasetur
Fjórðungssamband Vestfirðinga
Fjölmenningarsetur Íslands
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Impra á Nýsköpunarmiðstöð
Kerecis
Starfsendurhæfing Vestfjarða
Vinnueftirlitið
Vinnumiðlun á Vestfjörðum
Þýðingamiðstöð Utanríkisráðuneytisins

Háskólasetur Vestfjarða.

*The University Centre of the Westfjords.*

# The Vestrahús Building and the Institutions around the University Centre

When the University Centre was established in 2005 it was decided that it should be located in the Vestrahús building by the harbor in Ísafjörður. The Development Centre of the Westfjords which was established in 1999 around a few research and servicing institutions was already up and running in the same building. The cohabitation with these institutions made it considerably easier to get the University Centre set up, since the infrastructure was already in place, such as a reception and secretarial service.

After the Westfjords Regional Action Plan was issued in 2007 by the government, many of the institutions in the Vestrahús had taken on further projects and more staff. This made it necessary to increase the size of the premises. The owner of the building was not willing to oversee the management of the premises, and preferred to liaise with one leaseholder only. The Westfjords Regional Development Agency had managed the building beforehand but was not willing to continue after the extension was complete. The University Centre, occupying 45% of the premises, took on the role of sole leaseholder, leasing space to the other institutions. In addition it took on management of the building. Joint costs are divided proportionately, in accordance to space occupied, and therefore the University Centre has much invested in keeping the costs down. Due to this, the University Centre now plays a leading role in providing housing for research and servicing institutions in the Vestrahús building.

The collection of research and servicing institutions that have gathered in the Vestrahús is a great strength for all the institutions that are housed in the building. They all benefit from being in such close proximity, both professionally and socially, as these many small units in essence create a workplace of over fifty staff members. Even though the University Centre is the largest, it benefits greatly by this cohabitation.

# Vestrahúsið og stofnanirnar í kringum Háskólasetrið

Þegar Háskólasetrið var stofnað árið 2005 og ákveðið að það skyldi vera til húsa í svokölluðu Vestrahúsi við höfnina á Ísafirði var þar fyrir Þróunarsetur Vestfjarða, sem stofnað var árið 1999 í kringum nokkrar rannsóknar- og þjónustustofnanir. Nábýlið við þessar stofnanir auðveldaði mjög að koma Háskólasetrinu á legg í upphafi, enda var öll umgjörð til staðar, svo sem símsvörun, móttaka og ritaraþjónusta.

Eftir að flestar stofnanirnar í Vestrahúsinu fengu til sín fleiri verkefni og fleiri starfsmenn, í kjölfar Vestfjarðaskýrslunnar upp úr árinu 2007, varð óumflýjanlegt að stækka húsnæðið eða að öðrum kosti að einhverjar stofnanir flyttu annað. Húsgeigandinn hafði ekki áhuga á að annast húsnæðisreksturinn og vildi því áfram fá einn leiguaðila sem hefði umsjón með framleigu til stofnananna. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafði áður haft umsjón með þessum verkefnum fyrir hönd Þróunarseturs Vestfjarða en baðst undan þeim eftir að húsnæðið stækkaði. Sem stærsti einstaki leigjandinn í Vestrahúsinu, með um 45% hlutdeild, tók Háskólasetrið að sér að leigja allt húsnæðið og framleigja það til hinna stofnananna, auk þess að sjá um allan rekstur. Sameiginlegur kostnaður er greiddur samkvæmt stærð og því hefur Háskólasetrið mestan hag af því að halda rekstrarkostnaðinum niðri. Vart verður séð að hægt sé að hafa húsnæðismál í Vestrahúsinu með hagstæðara hætti en þetta. Með þessu er Háskólasetrið orðið að burðarási í rekstri húsnæðis fyrir rannsóknar- og þjónustustofnanir í Vestrahúsinu.

Sá klasi rannsóknar- og þjónustustofnana sem myndast hefur í Vestrahúsinu er mikill styrkur fyrir allar stofnanirnar sem þar deila kjörum. Þær njóta góðs hver af annarri, bæði faglega og félagslega, enda skapa þessar mörgu smáu einingar í raun einn vinnustað með um fimmtíu starfsmönnum. Þótt Háskólasetrið sé stærsti einstaki aðilinn nýtur það góðs af sambúðinni við þá fjölbreyttu flóru stofnana sem eiga aðsetur í Vestrahúsinu.



Nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun skoða fiskeldiskvíar í vettvangsferð.

*Coastal and Marine Managment students at a marine pen during a field trip.*

## Ráðstefnur og málþing

**2006 Draumur hins djarfa manns**
Málþing í samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið

**2006 Smábátaútgerð í Noregi og á Íslandi**
Málþing með gestum frá SINTEF, Noregi

**2006 Atferlisstjórnun fiska**
Alþjóðleg ráðstefna í samvinnu við Hafró á Ísafirði

**2007 Immigration and Integration in Rural Areas**
Alþjóðleg ráðstefna í samvinnu við Fjölmenningarsetur Íslands, Ísafirði

**2007 Villfiskforum**
Norskt-íslenskt málþing í samvinnu við Villfiskforum, Þrándheimi

**2008 Sjálfbær nýting íslenskra strandsvæða. Tækifæri og hættur**
Málþing í tilefni setningar meistaranáms

**2009 Skipulag og stjórnun strandsvæða**
Málþing Háskólaseturs

**2010 Coast&Sea**
UActic TN-kickoff conference

# Research Environment

The institutions of the Vestrahús building in Ísafjörður are part of the immediate environment of the University Centre, as are the Natural History Institution and the University of Iceland Research Centre in Bolungarvík. Of note are also the Knowledge Centre Skor In Patreksfjörður on the south coast of the Westfjords peninsula, and a Development Centre in Hólmavík on the east coast of the peninsula.

Since the University Centre was not established as a research institution, and has no funding for research, its research activities are mostly limited to final projects by students in Coastal and Marine Management. The University Centre has, however, endeavoured to support the research and servicing institutions that are in the area by taking part in grant applications and co-organising conferences. In these instances the University Centre has typically overseen the projects, but the academic or professional input has been from the associated institutions. After the CMM Master's Program was established, the University Centre has increasingly hosted its own symposiums and conferences, since its professional and academic knowledge in the Master's Program field was developed within its walls.

The research activities of the University Centre have also increased since students in the CMM program started producing their theses. These projects will undoubtedly be useful for the infrastructure of the Westfjords and enhance the relations between academic environments, the economy and the local research institutions.

The Westfjords Municipality organization, Eik Planning Agency and the University Centre aim to promote Marine Spatial Planning for the Westfjords as a pilot project for Iceland. A comprehensive planning for coastal areas is a pressing matter, since today the municipalities only have planning authority 115 meters from the coast, but outside that area other regulatory frameworks apply, which may not be in accordance with the planning of the municipality.

In the late summer of 2009, the Directorate of Fisheries on behalf of the Ministry of Agriculture and Fisheries requested that the University Centre do an appraisal of the coastline fisheries of the summer of 2009. A report on this issue was presented in January 2010.

# Rannsóknarumhverfi

Stofnanirnar í Vestrahúsinu á Ísafirði eru nærumhverfi Háskólaseturs. Auk þeirra ber að nefna Náttúrustofu Vestfjarða og Stofnun Fræðasetra HÍ í Bolungavík, sem einnig eru mikilvægir hlutar af nærumhverfi Háskólasetursins þótt þær séu ekki staðsettar í Vestrahúsinu. Á Patreksfirði hefur einnig myndast kjarni stofnanna í Þekkingarsetrinu Skor líkt og á Hólmavík með Þróunarsetrinu þar.

Þar sem Háskólasetrið var ekki stofnað sem rannsóknarstofnun, og hefur ekki fengið fjármagn til rannsókna, er virkni þess á því sviði að mestu leyti takmörkuð við nemendaverkefni meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun. Háskólasetrið hefur þó reynt að styrkja þær rannsóknar- og þjónustustofnanir sem eru á staðnum með aðkomu að umsóknagerð og ráðstefnuhaldi. Í þessum tilvikum hefur Háskólasetrið gjarnan haldið utan um viðkomandi verkefni en faglegt innlegg hefur að mestu verið í höndum viðkomandi samstarfsstofnunar. Eftir tilkomu meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun hefur Háskólasetrið í auknum mæli staðið fyrir málþingum og ráðstefnum upp á eigin spýtur, enda hefur fagleg þekking á sviði meistaranámsins skapast innan veggja þess.

Rannsóknarvirkni Háskólasetursins hefur einnig færst í vöxt með tilkomu lokaverkefna meistaranema sem munu gagnast innviðum vestfirsks samfélags og efla tengsl háskólasamfélagsins við atvinnulíf og rannsóknarstofnanir á svæðinu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða stefna að því að vinna strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði sem tilraunaverkefni á Íslandi. Heildstætt skipulag verður æ meira aðkallandi en eins og staðan er í dag hafa sveitarfélögin skipulagsvald yfir því svæði sem nær hundrað og fimmtán metra frá ströndinni, en fyrir utan það gilda allt aðrar reglur sem eru ekki endilega í samræmi við það skipulag sem gildir í viðkomandi sveitarfélagi.

Síðsumars árið 2009 leitað Fiskistofa, fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins, til Háskólaseturs um að kanna strandveiðar sumarsins 2009. Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar í janúar 2010 undir titlinum *Úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009*.

# Other Projects

The University Centre of the Westfjords administrates The Development Fund for Immigration Issues for the Ministry of Social Affairs. It was founded in 2007 on the occasion of the Immigration and Integration in Rural Areas Conference that the University Centre hosted in cooperation with the Multicultural and Information Centre of Iceland in Ísafjörður. The purpose of the fund is to enhance research and development projects in the field of immigration issues, with the goal of making it easier for immigrants to adjust to Icelandic society and for improving Icelandic society's readiness to accommodate and accept immigrants. In 2010 the Ministry of Social Affairs sought the services of the University Centre to take on similar administration of a fund on the occasion of the 2010 European Year for Combating Poverty and Social Exclusion.

The University Centre has also been trusted to do work for the Westfjords Growth Agreement, The Research and Development Fund of Vestur- Barðarstrandasýsla and to do an appraisal of the operations of the Westfjords Cultural Board.

# Önnur verkefni

Háskólasetur Vestfjarða hefur umsjón með vörslu og umsýslu Þróunarsjóðs innflytjendamála sem starfræktur er í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Til sjóðsins var stofnað í mars 2007 í tilefni af ráðstefnunni Immigration and Integration in Rural Areas sem Háskólasetrið hélt í samstarfi við Fjölmenningarsetur. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni um málefni innflytjenda með það að markmiði að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við innflytjendur. Árið 2010 tók Háskólasetrið einnig við samskonar umsýslu með Sjóði í tilefni Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Háskólasetrinu hafa einnig verið falin ýmis önnur þjónustuverkefni á Vestfjörðum til dæmis störf fyrir Vaxtarsamning Vestfjarða, Rannsóknar- og nýsköpunarsjóð Vestur- Barðastrandasýslu og úttekt á starfsemi Menningarráðs Vestfjarða.



Photo: www.gusti.is

Árið 2008 hófst samstarf við Bæjar- og héraðsbókasafnið um skráningu bóka og annarra miðlunargagna í Micromarc bókasafnskerfið, sem tryggir gott utanumhald um safnkostinn og gerir hann sýnilegan út á við.Hægt og bítandi er að verða til sértækir safnkostur í kringum meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun.

*In 2008 a cooperation between the University Centre and the Library in Ísafjörður began on registering books and other media in the library system Micromarc so that the collection would be accessible. Slowly but steadily a specialized collection is developing in relation to the Coastal and Marine Management Master's Program.*


Photo: www.photo.is

# Welcoming the Academic World to the Westfjords

# Nemendur laðaðir í nám á Vestfjörðum

One of the most important aims of the University Centre of the Westfjords from the beginning has been to attract students to study in the Westfjords. Already in the spring of 2006 steps were taken to invite research students to the Westfjords, which had a positive result, although the number of students is still relatively small today. In this context students from the United Nations University – Fisheries Training Programme (UNU-FTP) deserve a mention. Since the fall of 2005, these students have dwelled for a few months at the University Centre and the Marine Research Institute branch in Ísafjörður.

Since the population of the Westfjords is only about 7300, it is clear that no study program will thrive in the long term without recruiting students from outside the region. Attracting students is therefore not a side issue, but much rather a precondition for offering a study program in the Westfjords. Experience has shown that it is easier to attract international students. In 2010 the University Centre is responsible for around 4000 overnight stays in the Westfjords. Furthermore, the University Centre has had a positive effect on the population of the Westfjords due to staff members and their families who have moved here, and also the addition of around 20 master's students annually.

Eitt af mikilvægustu markmiðum Háskólaseturs Vestfjarða frá upphafi hefur verið að laða nemendur að námi á Vestfjörðum. Strax vorið 2006 var unnið að því að bjóða rannsóknarnemendum vestur, sem hefur gefist vel, þó að fjöldi þeirra hafi að jafnaði ekki verið mikill. Í þessu samhengi ber að nefna námsmenn í veiðarfæratækni hjá Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) sem frá haustinu 2005 hafa dvalið reglulega í nokkra mánuði hjá útibúi Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði og Háskólasetri Vestfjarða.

Vegna þess að upptökusvæði Háskólasetursins er ekki nema um sjö þúsund og þrjúhundruð manns mun ekkert nám þrífast á Vestfjörðum til lengdar án þess að nemendur utan Vestfjarða sæki það. Að laða nemendur vestur er því ekki aukaatriði heldur forsenda þess að staðbundið nám geti þrifist á Vestfjörðum. Auðveldara hefur reynst að laða að erlenda nemendur en íslenska. Árið 2010 stendur Háskólasetrið fyrir um fjögur þúsund aðkeyptum gistinóttum (vettvangsskólar, sumarháskólar og -námskeið, Sjávarútvegsskólinn, ráðstefnur, gestakennarar o.fl.) og mun þar að auki hafa fjölgað íbúum Vestfjarða um tæplega fjörtíu mannár með aðfluttum starfsmönnum og fjölskyldum þeirra og með innkomu um tuttugu nýrra meistaranema árlega.




Nemendur frá School for International Training frá Vermont í Bandaríkjunum í göngu á slóðum Gísla Súrssonar í Geirþjófsfirði.

*Students from the School for International Training in Vermont US hiking in Geirþjófsfjörður, one of the sites of Gísla saga.*




Vettvangsskólanemar njóta veðurblíðunnar í Önundarfirði.

*Field school students enjoying a beautiful day in Önundarfjörður.*

# Field Schools

The first field schools came to the University Centre of the Westfjords in 2007, with around three annually since then. Two schools have been most prominent. The School for International Training from Vermont US, and The Icelandic Field School from the University of Manitoba both of which are here for the fourth time this year. The latter school will be offering a three day program open to the public with a literature symposium and hiking and sailing trip, where literature, music and outdoor activities will be combined. In this way field schools often bring something to the community and to other operations of the University Centre and therefore have a synergistic effect.

The University Centre plans the stays of the field schools in cooperation with the respective university, makes suggestions concerning arrangement of the program, accommodation, and teaching, and handles the accounts. In some cases the cooperation is quite informal, whereas in others the University Centre handles all necessary arrangements.

# Vettvangsskólar

Fyrstu vettvangsskólarnir á vegum Háskólaseturs Vestfjarða komu árið 2007 og hafa að jafnaði þrír hópar heimsótt Vestfirði árlega upp frá því. Tveir skólar hafa verið áberandi, School for International Training frá Vermont í Bandaríkjunum, sem árið 2010 kemur í fjórða skiptið. The Icelandic Field School frá íslenskudeild Manitobaháskóla mun einnig koma í fjórða skiptið sumarið 2010 og stendur, í samvinnu við Háskólasetur, fyrir þriggja daga dagskrá sem er opin almenningi og inniheldur bókmenntamálþing, fjallgöngu og siglingu þar sem bókmenntum, tónlist og útivist verður fléttað saman. Þannig leggja vettvangsskólarnir gjarnan eitthvað til samfélagsins og annarrar starfsemi Háskólaseturs og hafa því í för með sér margs konar samlegðaráhrif.

Háskólasetur Vestfjarða skipuleggur heimsóknir vettvangsskólanna í samráð við viðkomandi háskóla, gerir tillögur að dagskrá, gistingu og kennslu og sér um bókhald. Í sumum tilfellum er samstarfið mjög lauslegt en í öðrum er Háskólasetrið nokkurs konar umboðsaðili fyrir viðkomandi skóla á Íslandi.




Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri hefur haldið sumarháskóla í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða frá árinu 2006.

*Since 2006 the University Centre of the Westfjords has offered summer schools in cooperation with The Jón Sigurðsson Heritage Museum in Hrafnseyri.*

# Summer Schools and Courses

Since 2006 the University Centre of the Westfjords has offered summer schools in cooperation with The Jón Sigurðsson Heritage Museum in Hrafnseyri. The Museum has overseen the subject matters of these summer schools such as the Icelandic struggle for independence, the role of Jón Sigurðsson in light of modern theories of national independence. The Music Festival Við Djúpið has offered master classes in connection with the festival that are accredited by the Iceland Academy of Arts. This is the Iceland Academy of Arts' way to offer courses outside the Reykjavík area, since distance learning is not an option. Courses offered at Við Djúpið, The Westfjords Archaeological School, and at the theater festival Act Alone, were already up and running when the University Centre was founded. After its establishment the University Centre has done its best to support these affiliations. The music festival Við Djúpið and the University Centre have also collaborated in the last few years by offering lunch lectures during the festival, where musicians have held open discussions with guests on subjects such as composers, compositions, or instruments. The model for this was the Lunch Lecture Series at the University Centre.

In August 2007 the University Centre offered an Icelandic course for the first time. This course has since expanded. In 2008 the University Centre offered a three week Icelandic course in collaboration with the Office of International Education for all Erasmus and Nordplus exchange students who come to study in Iceland. The course offers exchange students the opportunity to experience a different part of Iceland than where they would normally be based, eg. Reykjavík or Akureyri. The University Centre specialises in offering Icelandic courses at a university level. In 2008 students were around 80, around 100 in 2009 and will likely be more in 2010, since in addition to the three week course, there are other shorter courses on offer, as well as Classical Icelandic and the Gísla saga.

In the spring of 2007, 2008 and 2009 the University Centre offered 'The University of Youth' in a similar fashion to the University of Iceland has done in recent years. In The University of Youth, students from the top three classes have the opportunity to get an insight into various subjects taught in universities such as medicine, engineering, sociology, anthropology and history to name a few. In 2009 a different approach was introduced with the 'Young Academy of Arts', with emphasis on art subjects that are not available to young students in the regular school system, such as creative writing, photography, composition, clown acting and animation. The Young Academy of Arts was organized in cooperation with the Westfjords Cultural Board which also donated funds to the academy. For the first time this year the academy was offered in all the three major areas of the Westfjords: Hólmavík, Ísafjörður and Patreksfjörður.

# Sumarháskólar og sumarnámskeið

Frá árinu 2006 hefur Háskólasetur Vestfjarða staðið fyrir árlegum sumarháskóla í samvinnu við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Safnið á Hrafnseyri hefur haft umsjón með því að móta inntak þessara sumarháskóla með hliðsjón af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og hlutverki Jóns Sigurðssonar í ljósi nútímafræða um sjálfstæði þjóða. Í tengslum við tónlistarhátíðina Við Djúpið hafa verið haldin meistaraklassanámskeið sem Listaháskóli Íslands hefur metið til eininga. Er þetta leið LHÍ til þess að bregða sér út fyrir höfuðborgina og bjóða upp á nám, en skólinn býður ekki upp á fjarnám. Námsframboðið á Við Djúpið, Fornleifaskóla Vestfjarða og námskeið á einleikjahátíðinni Act Alone voru til staðar áður en Háskólasetrið var stofnað. Eftir tilkomu Háskólasetursins hefur það reynt eftir megni að styðja þessa aðila. Við Djúpið og Háskólasetrið hafa síðastliðin ár einnig haft samstarf um hádegistónleika, þar sem flytjendur hafa rætt við gesti um tónverk, tónskáld eða hljóðfæri en fyrirmynd þessara tónleika er Vísindaport Háskólaseturs.

Í ágúst 2007 bauð Háskólasetrið í fyrsta skipti upp á íslenskunámskeið. Það námskeið hefur svo heldur betur undið upp á sig því árið 2008 hélt Háskólasetrið þriggja vikna íslenskunámskeið í samvinnu við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins fyrir alla Erasmus og Nordplus skiptinema sem sækja nám á Íslandi. Á námskeiðinu fá skiptinemarnir tækifæri til að upplifa aðra hlið á Íslandi, áður en þeir hefja nám í september í háskólum á Akureyri, Reykjavík og nágrenni. Segja má að Háskólasetrið hafi sérhæft sig í íslenskunámskeiðum á háskólastigi. Nemendur voru um áttatíu árið 2008, um hundrað árið 2009 og von er á að þeir verða ekki færri árið 2010, enda í boði auk þriggja vikna námskeiða, viku námskeið og helgarnámskeið sem og námskeið í forníslensku og Gísla sögu.

Vorin 2007, 2008 og 2009 bauð Háskólasetrið upp á Háskóla unga fólksins, að fyrirmynd Háskóla Íslands. Í Háskóla unga fólksins gefst nemendum í efstu bekkjum grunnskóla kostur á að kynnast greinum sem kenndar eru á háskólastigi, svo sem læknisfræði, verkfræði, félagsfræði, mannfræði og sagnfræði svo fátt eitt sé nefnt. Árið 2009 var breytt út af vananum og boðið upp á Listaháskóla unga fólksins og lögð áhersla á listgreinar eða tilteknar hliðar listgreina sem ekki standa nemendum til boða í hefðbundnu skólastarfi, svo sem skapandi skrif, ljósmyndun, tónlistarsköpun, trúðleik og teiknimyndasögugerð. Listaháskóli unga fólksins var skipulagður í samstarfi við Menningarráð Vestfjarða sem jafnframt styrkti skólann. Einnig var sú nýbreytni viðhöfð þetta árið að bjóða upp á kennslu á þremur stöðum á Vestfjörðum, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði.



Nemendur í námskeiðinu Fisheries Management and Ecological Modeling skoða ýmsar fisktegundir sem veiðast við Ísland ásamt öðrum kennara námskeiðsins Dr. Scott Heppell í aðstöðu Hafrannsóknar-stofnunar í Vestrahúsinu.

*Students in the course Fisheries Management and Ecological Modeling examine various fish species with instructor Dr. Schott Heppell, in the Marine Research Institute facilities in Ísafjörður.*

# Master's Program

Since the fall of 2008 the University Centre of the Westfjords has offered an International Master's Program in Coastal and Marine Management. The program is taught in cooperation with the University of Akureyri and instructors are recruited from all over the world. By the fall of 2010 around 40 international students will have enrolled.

It is important that an on-campus program based in the Westfjords attracts students from outside the Westfjords, since the population in the northern Westfjords is not large enough to sustain a university level program. This applies even if a popular subject is taught, and even if everyone interested in such a program would want to study it in their home vicinity, which is not a given. The question has therefore always been what sort of subjects would attract students from outside the Westfjords?

There is no shortage of ideas, many of which have been discussed, but when taken into account what sort of subjects would attract enough students, the options become fewer. Many universities in Iceland offer popular studies that appeal to many, but it is unlikely that the University Centre could compete in subjects such as business or engineering and neither would it be desirable. Therefore it was thought necessary that the University Centre would focus on studies that are not already offered elsewhere in the country. It was still not obvious that this alone would be enough to make it feasible to teach a certain program in the Westfjords.

A specialized graduate program is more likely to attract students since it is unlikely that they would see grounds to move to the Westfjords for a program that is widely offered. Students at graduate level are more likely to let the specialization and quality of study be a deciding factor rather than other considerations such as location and recreational options. The specialization has the effect that the catchment area becomes larger.

# Meistaranám

Frá haustinu 2008 hefur Háskólasetur Vestfjarða boðið upp á alþjóðlegt meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun. Haustið 2010 verða nemendur námsleiðarinnar um fjórtíu talsins og koma þeir víða að úr heiminum líkt og kennararnir. Námsleiðin er kennd í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Nauðsynlegt er að staðbundið háskólanám á Vestfjörðum nái til nemenda utan svæðisins, enda er íbúafjöldinn á norðanverðum Vestfjörðum ekki nægur til að bera uppi nám á háskólastigi. Þetta á við jafnvel þótt um mjög vinsælt nám væri að ræða og allir sem á annað borð hefðu áhuga á því námi myndu vilja stunda það í heimabyggð, sem er langt í frá sjálfgefið. Spurningin hefur því snúist um það hvernig nám hefur aðdráttarafl út fyrir fjórðunginn.

Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og enginn skortur verið á þeim, en þegar horft er til þess hvernig námsgreinar gætu laðað að nægan fjölda nemenda reglulega fækkar möguleikunum. Margir innlendir háskólar bjóða upp á vinsælt nám sem höfðar til stórs hóps námsmanna og ólíklegt verður að teljast að Háskólasetrið geti keppt við íslenska háskóla til dæmis í viðskiptafræði eða verkfræði, auk þess sem slík samkeppni væri ekki æskileg. Því var talið nauðsynlegt að Háskólasetrið einbeitti sér að námi sem ekki var í boði annars staðar á Íslandi. Ekki var þó sjálfgefið að það eitt og sér dygði til að nám væri fýsilegur kostur til kennslu á Vestfjörðum.

Sérhæft framhaldsnám er líklegra en grunnnám til að laða að nemendur, enda ólíklegt að þeir sjái ástæðu til að flytja til Vestfjarða fyrir nám sem er í boði víða. Nemendur á framhaldsstigi eru líklegri til að láta gæði náms og sérhæfingu ráða námsvali sínu en aðra þætti á borð við staðsetningu og afþreyingarmöguleika. Sérhæfingin gerir það þó að verkum að upptökusvæðið verður stærra.




Kræklingi safnað í námskeiði um mengun og efnafræði haf- og strandsvæða.

*Mussel collecting in a course on chemistry and contamination in the coastal zone.*



Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur á nokkrum mikilvægum tímapunktum stutt uppbygginguna Háskólaseturs Vestfjarða. Þann 4. júní 2010 veitti VaxVest í fyrsta skipti styrki til nemendaverkefna sem tengjast Vestfjörðum. Frá vinstri: Dagný Arnarsdóttir, fagstjóri, Alexander Elliott, Etienn Gernez, Arastou Gharibi, Lindsay Church, Alan Deverell, Shiran Þórsson, framkvæmdarstjóri VaxVest og Birgir Örn Sigursjónsson sem tók við styrknum fyrir hönd Manuel Meidinger.

*The Westfjords Growth Agreement has on several occasions supported the University Centre. In June 2010 the Growth Agreement awarded grants to masters students to work on theses regarding Westfjords issues.*

The Master's Program in Coastal and Marine Management is taught in three week modules. This setup makes it possible for the University Centre to obtain highly qualified instructors, and the Centre feels it is a credit to its reputation that around 75% of the instructors from the first year were able to return for the second academic year 2009 – 2010. Instructors are also associated with the University Centre as advisors on student theses and research projects, and therefore an academic staff is formed, even though it is not campus-based.

From the very beginning it was decided that the program would be in English which gives both Icelandic and foreign students the opportunity to come to Ísafjörður to study Coastal and Marine Management. It can safely be assumed that the demand for people with this sort of education will increase, especially in an island country such as Iceland.

While land planning has already become an essential and obligatory duty for all municipalities, it is also evident that planning and resource management in coastal areas will be more important with more systematic utilization of coastal and marine resources, development of harbors and roads, increased marine transportation around the country, development of aquaculture, and outdoor activity and tourism on the coastline.

Meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun er kennt í þriggja vikna lotum. Slíkt fyrirkomulag gerir það að verkum að Háskólasetrinu hefur tekist að laða til sín mjög hæfa kennara. Háskólasetrið telur það til marks um árangur af starfi sínu að um 75% kennara námsleiðarinnar á fyrsta ári voru reiðubúnir að koma aftur til kennslu námsárið 2009-2010. Kennarar leiðbeina nemendum einnig með meistaraverkefni og tengjast Háskólasetrinu í gegnum rannsóknarverkefni, þannig skapast kennslureynsla og akademískt umhverfi án þess að kennarar og rannsakendur séu endilega á staðnum.

Í upphafi var ákveðið að námið færi fram á ensku og gefur það bæði íslenskum og erlendum námsmönnum færi á að koma til Ísafjarðar til að nema haf- og strandsvæðastjórnun. Ætla má að í náinni framtíð skapist eftirspurn eftir fólki með menntun af þessu tagi, ekki síst í eyríkjum eins og Íslandi. Skipulag landsins hefur orðið sjálfsagður hluti og skylda allra sveitarfélaga. Því má gera ráð fyrir að skipulag og auðlindastjórnun strandsvæða verði mikilvægari með markvissari nýtingu sjávarauðlinda, uppbyggingu og viðhaldi hafna og vega, auknum skipaferðum við landið, uppbyggingu fiskeldis og aukinni útivist og ferðamennsku við strendur landsins. Um leið og sjónir fjárfesta og framkvæmdaaðila beinast að haf- og strandsvæðum er

# Ægir Student Association

Coastal and Marine Management students at the University Centre of the Westfjords have established Ægir Student association.

Ægir was set up to represent the needs and interests of students, both academically and socially, it organizes fun and educational activities, serves as a channel of communication between students and administration all while evoking the principles and practices of environmental sustainability.

All students enrolled in the Coastal and Marine Management (CMM) Master's programme at the University Centre of the Westfjords are automatic Ægir members and other students at the Centre are invited to become associate members.





Meistaranemar í vettvangsferð um Ísafjarðardjúp og Jökulfirði með skútunni Arora frá ferðaskrifstofunni Borea Adventures.

*Master's students on a field trip around Ísafjaðardjúp and Jökulfirðir Fjord's with the sailboat Arora from the wild life tour company Borea Adventures.*



Nemendur ásamt Dr. Einari Helgasyni kennara í námskeiðinu Physical Processes of Coastal and Marine Environments í vettvangsferð í Önundarfirði.

*Students on a field trip in Önundarfjörður in the course Physical Processes of Coastal and Marine Environments with instructor Dr. Einar Helgason.*

# Coastal and Marine Management

## List of instructors at the program

| Name | Current position |
|---|---|
| Alan Williams, Ph.D. | Professor, Swansea Metropolitan University, University of Wales |
| Anna Karlsdóttir, Ph.D. candidate | Assistant professor, University of Iceland |
| Auður Ingólfsdóttir, Ph.D. candidate | Teacher, International Politics, Bifröst Business University |
| Bjarni Már Magnússon, Ph.D. candidate | Teacher, University of Akureyri |
| Brad Barr, Ph.D. candidate | Senior Policy Advisor, NOAA/Office of National Marine Sanctuaries., Woods Hole, MA |
| Dagný Arnarsdóttir, MSc. | Program director, University Centre of the Westfjords |
| Dong Yang, Ph.D. | Assistant professor, University of Southern Denmark |
| Einar Helgason, Ph.D. | Almenna Engineering Consultancy, division manager |
| Einar Hreinsson, MSc. | Lecturer, University of Akureyri |
| Emil Ólafsson, Ph.D. | Scientific Director of Menntun Consultancy, Spain |
| Gabriela Sabau, Ph.D. | Associate Professor, Memorial University of Newfoundland, Canada |
| Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Ph.D. | Director, University of Iceland, Research Centre, Bolungarvík |
| Gunnar Páll Eydal, MRM | Specialist, Eik Consultancy, Ísafjörður |
| Helga Ögmundardóttir, Ph.D. | Research scholar at the Inst. for Sustainability Studies, University of Iceland |
| Helgi Áss Grétarsson, Ph.D. candidate | Research scholar at the Law Institute of the University of Iceland |
| Helgi Jensson, Ph.D. | Senior consultant, Environmental Agency of Iceland |
| Hrafnhildur Bragadóttir, Master of Law | Lawyer, Environmental Agency of Iceland |
| Hrönn Jörundsdóttir, Ph.D. | Project manager, Matís, Reykjavík |
| John Nyboer, Ph.D. | University Research Associate, School of Resource and Environmental Management, Simon Fraser University, Canada |
| Larry Hildebrand, Ph.D. | Manager, Sustainable Communities and Ecosystem Division, Environment Canada |
| Marc L. Miller, Ph.D. | Professor, School of Marine Affairs, University of Washington, Seattle, USA |
| Mike Philips, Ph.D. | Professor, Swansea Metropolitan University, University of Wales |
| Morten Edwardsen, MSc. | Professor, Ås Agricultural University |
| Norman Catto, Ph.D. | Professor, Dept. of Geography, Memorial University of Newfoundland, Canada |
| Ólafur Ögmundarson, MSc. | Matís, Ísafjörður |
| Páll Ásgeir Davíðsson, Master of Law, L.L.M | Director of Eþikos, Icelandic Centre for Corporate Social Responsibility |
| Pétur Dam Leifsson, Ph.D. candidate | Lecturer, University of Iceland and University of Akureyri |
| Rodrigo Menafra, MMM | Marine Conservation Coordinator, CPAWS, Nova Scotia, Canada |
| Ronald Wennersten, Ph.D. | Professor and Research Leader, School of Industrial Engineering and Management, Kungliga Tekniska högskolan, Stockholm |
| Scott Heppell, Ph.D. | Assistant Professor, Department of Fisheries and Wildlife, Oregon State University |
| Selina Heppell, Ph.D. | Associate Professor, Department of Fisheries and Wildlife, Oregon State University |
| Sigríður G. Ólafsdóttir, MSc. | Program Director, University Centre of the Westfjords |
| Steingrímur Jónsson, Ph.D. | Professor, University of Akureyri |
| Tom Barry, MA | Director of CAFF and lecturer, University of Akureyri |
| Warsha Singh, Ph.D. candidate | University of Iceland |
| Þorleifur Ágústsson, Ph.D. | Managing Director of Murr plc. and Biology teacher at Ísafjörður High School |
| Þorleifur Eiríksson, Ph.D. | Director, NAVE, Bolungarvík |

While investors and developers increasingly look to the coastal and marine areas, it is important that planning reliability is ensured, not least to guarantee that the common though limited resources of coastal areas are sensibly used.

To ensure this consensus it is important that as many stakeholders as possible have their say in the planning and management of coastal and marine areas. Present and future students of the Coastal and Marine Management program could play a vital role in this process.

From the outset it was clear that the University Centre of the Westfjords would look for a partnership with an accredited university, since it is impossible to expect students to invest their time in a program that would most likely not be accepted by their future employers. The University of Akureyri showed great interest in the program from the beginning, and since these first steps were promising there was no reason to look any further. An association agreement with UA was signed in January 2008, with financial support from the Ministry of Education, Science and Culture granted initially for one year in the summer of 2008. According to the contract UA has helped the University Centre to establish an international network of cooperative universities in the field of coastal and marine management, for example through Erasmus agreements.

In the first year students in the program were only 9, but in 2009 the number of applicants rose to 120. The number of accepted students was 45, and students who started the program in the fall of 2009 were more than 20. The number of applications and acceptances is similar in 2010 and it is assumed that the number of students starting the program in the fall of 2010 will be around 20. By that time the number of enrolled students will be about 40. This also generates a substantial number of graduate students registered in graduate programs at UA, and are in addition – not including exchange students – the majority of foreign students at UA. In the fall of 2009 only 14% of the Coastal and Marine Management students at the University Centre were Icelandic.

Quality considerations of the program at the University Centre are very important to the University of Akureyri since the Coastal and Marine Management Master's Program has an effect on the valuation of the Ministry of Education on UA. Therefore it is only reasonable that the rector of UA appoints the master's program committee that administrates the program.

The support of the community in the Westfjords and the positivity shown towards activities at university level has been invaluable for the University Centre. This good will is evident in many ways in the form of varied support from companies, institutions and individuals in the area.

mikilvægt að menn viti að hverju þeir ganga, bæði til að skynsamlega sé farið með fjármuni en ekki síður til að tryggja að vel sé farið með þá sameiginlegu, en takmörkuðu auðlind, sem strandsvæði eru. Til að sátt skapist er mikilvægt að sem flestir hagsmunaaðilar komi að skipulagi og stjórnun strandsvæða. Við slíka vinnu gætu fyrrverandi, núverandi og framtíðar nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun leikið afar mikilvægt hlutverk.

Frá upphafi lá ljóst fyrir að Háskólasetur Vestfjarða myndi leita samstarfs við viðurkenndan háskóla, enda ómögulegt að fá nemendur til að verja tíma í nám sem væntanlega yrði ekki viðurkennt af tilvonandi vinnuveitendum. Háskólinn á Akureyri sýndi þessu námi mikinn áhuga og þar sem frumathuganir á samstarfi gengu ágætlega þótti ekki ástæða til að leita víðar. Samstarfssamningur við HA var undirritaður í janúar 2008 og fjárhagslegur stuðningur frá menntamálaráðuneytinu, til að byrja með til eins árs, fékkst sumarið 2008. Samkvæmt samningnum hefur HA stutt Háskólasetrið í því að byggja upp alþjóðlegt samstarfsnet háskóla á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar, til dæmis í gegnum Erasmus-samstarfssamninga.

Á fyrsta árinu voru nemendur námsleiðarinnar aðeins níu, en árið 2009 var fjöldi umsækjenda um hundrað og tuttugu, fjöldi staðfestinga um skólavist fjórtíu og fimm og nemendur sem skiluðu sér í námið haustið 2009 voru rúmlega tuttugu. Fjöldi umsækjenda og fjöldi staðfestinga um skólavist árið 2010 er mjög svipaður og árið 2009 og er reiknað aftur með um tuttugu nýnemum haustið 2010. Þá verða um fjörtíu meistaranemar við nám hjá Háskólasetri Vestfjarða. Þessi fjöldi myndar jafnframt nokkuð stóran hluta þeirra meistaranema sem skráðir eru í framahaldsnám hjá Háskólanum á Akureyri og eru auk þess, burtséð frá skiptinemum, þorri erlendra nemenda við HA. Haustið 2009 voru eingöngu 14% meistaranemanna hjá Háskólasetri Vestfjarða íslenskir.

Gæðamál Háskólaseturs skipta HA miklu máli enda hefur meistaranámið við Háskólasetrið áhrif á mat menntamálaráðuneytisins á HA. Því er eðlilegt að rektor HA skipi í meistaranámsnefnd sem fer með stjórn námsleiðarinnar.

Stuðningur samfélags á Vestfjörðum og jákvæðni í garð háskólastarfsemi hefur verið ómetanlegt fyrir Háskólasetrið. Þessi velvilji sést greinilega á margvíslegum stuðningi frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum á svæðinu.

## Skipulag náms tveggja fyrstu árganga meistaranámsins

Nokkrir af þeim nemendum sem innrituðust haustið 2008 og 2009 gera 60e lokaverkefni og þurfa/þurftu ekki að taka námskeið á sumarönn.




## Fyrirhuguð breyting á skipulagi meistaranámsins

Allir nemendur innritaðir haustið 2010 og síðar munu vinna 45e lokaverkefni og taka því námskeið á sumarönn.



# The Community Benefits from the Centre

The mission of the University Centre of the Westfjords is to be a centre for the creation and dissemination of knowledge in the Westfjords. As individuals and companies become more able to use knowledge to develop and progress, the entire Westfjords community becomes more competitive. Knowledge creation is important to the Westfjords community, and the University Centre of the Westfjords aims to develop a vigorous international academic community founded on the Westfjords' close connection to the sea.

The development of an academic community in the Westfjords creates a unique opportunity to enhance the quality of life in the Westfjords. For individuals, a university brings enhanced quality of life through added knowledge. For companies, participation in a university environment also brings added knowledge which increases profitability and opens new opportunities.

Students who come to the Westfjords, whether their stay is long or short, inevitably affect the community in many ways. This includes a greater demand for services such as transport and accommodation, a more lively cultural life, and positive influences on economic activity in the region as research conclusions reach companies that are able to take advantage of them.

Direct connections with universities all over the world and newly arrived students' participation in our community, culture and economy open many doors. An international academic community brings the world to the Westfjords.

# Ávinningur af uppbyggingu háskólastarfsemi

Hlutverk Háskólaseturs Vestfjarða er að vera miðstöð sköpunar og þekkingarmiðlunar á Vestfjörðum. Samkeppnishæfni samfélagsins á Vestfjörðum eykst með aukinni hæfni einstaklinga og fyrirtækja til að nýta þekkingu til framfara. Þekkingarsköpun er mikilvæg vestfirsku samfélagi og því vill Háskólasetur Vestfjarða byggja upp kraftmikið alþjóðlegt háskólasamfélag sem byggir á tengslunum við hafið.

Með öflugri uppbyggingu háskólasamfélags á Vestfjörðum gefst einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í vestfirsku samfélagi til framtíðar. Háskólasamfélag bætir lífsgæði einstaklinga sem þangað sækja sér menntun, háskólasamfélag hefur einnig í för með sér aukna þekkingu innan fyrirtækja sem eykur arðsemi þeirra og fjölgar tækifærum.

Fjöldi námsmanna sem kemur til Vestfjarða til lengri eða skemmri dvalar hefur óhjákvæmilega áhrif á samfélagið. Áhrifin eru sýnileg í aukinni nýtingu á þjónustu svo sem flugi, gistingu, og fleiru. Áhrifin eru þegar farin að sjást og munu gera það í auknum mæli í mannlífi, menningarlífi og ekki síst í stuðningi við atvinnulífið með auknu framboði á niðurstöðum rannsókna sem nýtast fyrirtækjum og íbúum á ýmsan hátt.

Beinar tengingar við háskóla um allan heim, koma nema og þátttaka þeirra í samfélaginu á Vestfjörðum, menningu og atvinnulífi opnar fjölmargar dyr. Alþjóðlegt háskólasamfélag opnar Vestfirðingum heiminn.



Photo: www.gusti.is



Photo: www.gusti.is

# International Institution on the Edge of the Arctic

Universities are and have always been local and global at the same time. They have continually provided their region with services though their teachers and students come from all over the world. They have always been responsible for educating the public servants of the respective state, but also to improve the state's image. Students, teachers and not least research findings have always flowed freely between universities and carried their reputation to other regions and countries. The University Centre of the Westfjords is indeed such a local global institution. It carries its location in its name and has the best interests of the Westfjords at heart, but it also offers international programs. As a result, the International Master's Program, along with the summer and field schools means the University Centre is one of the most international institutions at university level in Iceland. The University Centre is a member of the University of the Arctic, and the University of Akureyri has done a number of Erasmus agreements on behalf of the University Centre with universities in Europe in the field of coastal issues. The University Centre has also established relationships with universities in Atlantic Canada and many other places worldwide through the increasing number of its instructors and students. Students, instructors and researchers visit the University Centre in growing numbers and will hopefully become good ambassadors for the Westfjords and Iceland throughout the world in the future.

# Alþjóðleg stofnun við ysta haf

Háskólar eru og hafa ætíð verið staðbundnir og hnattvæddir í senn. Þeir hafa alltaf veitt nærsvæði sínu þjónustu, þó að kennarar og nemendur þeirra komi víða að, þeir hafa alltaf haft það hlutverk að mennta embættismenn viðkomandi ríkis, ekki síður en að bæta ímynd þess. Nemendur, kennarar og ekki síst rannsóknarniðurstöður hafa alla tíð ferðast auðveldlega á milli háskóla, og hafa borið orðstír stofnananna til annarra landsvæða og landa. Háskólasetur Vestfjarða er einmitt slík staðbundin hnattvædd stofnun. Hún ber staðsetninguna í nafninu sínu og ber hag Vestfjarða fyrir brjósti, en býður um leið upp á alþjóðlegt nám. Alþjóðlegt meistaranám, sumarháskólar og vettvangsskólar gera það að verkum að Háskólasetrið er með alþjóðlegustu stofnununum á háskólastigi á landinu öllu. Háskólasetrið er meðlimur í University of the Arctic (Norðurslóðaháskólanum) og Háskólinn á Akureyri hefur gert nokkra Erasmus-samninga fyrir hönd Háskólaseturs við háskóla í Evrópu á sviði strandtengdra fræða. Háskólasetrið tengist háskólum á Atlantshafsströnd Kanada og víðar í heiminum sterkum böndum í gegnum marga kennara og í vaxandi mæli í gegnum nemendur. Nemendur, kennarar og fræðimenn sem sækja Háskólasetrið heim í umtalsverðum mæli verða vonandi góðir sendiherrar Vestfirðinga og Íslendinga víða um heim um langa framtíð.

